

Nd.

21. Frumvarp til laga

[21. mál]

um breyting á lögum nr. 52/1959, um kosningar til Alþingis.

Flm.: Jón Skaftason.

1. gr.

Í stað „réttri röð“ í 42. gr. laganna komi: stafrófsröð.

2. gr.

Í stað „réttri röð“ í 53. gr. laganna komi: stafrófsröð.

3. gr.

Í stað „breyta nafnaröð“ í 2. málsg. 84. gr. laganna komi: raða frambjóðendum.

4. gr.

2.—4. málsg. 110. gr. laganna falli niður og í stað þeirra komi ný málsgrein, svo hljóðandi:

Yfirkjörstjórn telur fyrst saman alla kjörseðla hvers lista eins og engin breyting hafi verið gerð á listanum. Hafi kjósendur notað rétt sinn skv. 2. málsg. 84. gr. til þess að raða frambjóðendum á listann ræður sú röðun við úthlutun þingsæta af listanum.

5. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Á undanförunum árum hafa orðið miklar umræður um kjördæmaskipunina og löggin um kosningar til Alþingis. Mismunur vægis atkvæða í einstökum kjördæmum er nú orðinn slíkur, að ekki verður lengur við unað. Færa má gild rök fyrir því, að mikill hluti landsmanna njóti verulega skertra borgararéttinda við núverandi skipan þessara mála. En til þess að veruleg breyting verði á þessu þarf að koma breyting á stjórnarskránni, og það er mikið verk og vandasamt. Í því sambandi er rétt — einu sinni enn — að deila á þann seinagang, sem einkennt hefur vinnubrögð stjórnarskrárnefndar þeirrar, sem kosin var á Alþingi 19. maí 1972, til þess að athuga þessi mál.

Flutningsmaður frv. þessa flutti á síðasta þingi þingsályktunartillögu um að athuga bæri möguleika þess að kjósa samtímis til Alþingis og sveitarstjórna. Tilgangur hans með þeim tillöguflutningi var sá að fá athugað, hvort það þjónaði ekki veigamiklum þjóðfélagshagsmunum að stytta þann tíma, sem fer í kosningaundirbúning fyrir sveitarstjórna- og alþingiskosningar og draga þannig úr kostnaðinum við langa kosningabaráttu, án þess að skerða á nokkurn hátt rétt kjósenda. Ekki virðist blása byrlega fyrir þeirri tillögu á Alþingi, þrátt fyrir að veigamikil mótrök hafi ekki komið fram gegn efni hennar.

Eins og alkunnugt er færast prófkjör og skoðanakannanir nú mjög í aukana. Er það eðlileg þróun, en þó hvergi nærri gallalaus. Reynslan hefur sýnt, að oft vilja prófkjör skilja eftir sár meðal samherja, sem síðar verða að vinna saman í sjálfum kosningunum. Frv. þetta bætir, ef samþykkt verður, úr þessum stóra galla prófkjöranna og einfaldar allan kosningaundirbúning.

En fleira ynnist við samþykkt þess og skal nokkuð upp talið:

- a) Lýðræðið ykist með auknum rétti kjósenda til þess að velja þingmenn og áhugi almennings á stjórnmalastarfi glæddist væntanlega við það.
- b) Með því fyrirkomulagi, sem frv. gerir ráð fyrir, yrði komist næst kostum persónubundinna kosninga án þess að taka upp einmenningskjördæmi, sem illa henta hér sökum fámennis.
- c) Þingkosningar og prófkjör í raun færu fram samtímis.

Fyrir nokkru komu formenn stjórnmalaflokkanna fram í sjónvarpi og lýstu því þá yfir sérstaklega aðspurðir, að vel gæti komið til greina að gera þær breytingar á kosningalögum, er gæfu kjósendum færi á að raða frambjóðendum á lista þess flokks, sem þeir kjósa. Mun ég í framsögu vikja að þessum yfirlýsingum og vænti þess m. a. með hliðsjón af þeim, að frv. nái fram að ganga á þessu þingi.